

Nr. 060 / 15 Þröstur BA 48 / Gísli BA 571**Árekstur á miðunum**

Skipaskr.nr. 2428
 IMO
 Smíðaður: Akranes 2000, plast
 Stærð: 5,72 brl. 4,82 bt.
 Mesta lengd: 8,94 m Skráð lengd: 7,97 m
 Breidd: 2,45 m Dýpt: 0,99 m
 Vél: Yanmar 213 kW, 2009
 Fjöldi skipverja: 1



Þröstur©Fiskifrétir

Skipaskr.nr. 2608
 IMO
 Smíðaður: Hafnarfjörður 2003, plast
 Stærð: 10,39 brl. 14,93 bt.
 Mesta lengd: 11,89 m Skráð lengd: 11,20 m
 Breidd: 3,84 m Dýpt: 1,48 m
 Vél: Volvo Penta 335 kW, 2003
 Fjöldi skipverja: 4



Gísli©Hilmar Snorrason

Gögn:
 Lögregluskýrsla.
 Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 3. júní 2016 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 10. júní 2015 voru Þröstur BA 48 og Gísli BA 571 á veiðum á Vestfjarðarmiðum. Veður: SV 3-6 m/sek. Nær sléttur sjór, þétt súld og skyggni tvær sjómíllur.

Þegar bátarnir voru staddir um 19 sml frá Kópanesi varð árekstur og leki kom að Gísla en litlar skemmdir urðu á Þresti. Dælur höfðu illa undan lekanum og óskað var eftir aðstoð en varðskipið Ægir kom með dælubúnað og dró Gísla til Tálknafjarðar. Þröstur hélt áfram veiðiferðinni.

Við rannsókn kom fram:

- að Gísli BA var að leggja línu og var á 7 hnúta hraða en Þröstur BA var á siglingu og var á 14 hnúta hraða;
- að skipstjórinn á Gísla BA kvaðst ekki hafa orðið var við Þröst BA fyrir áreksturinn;
- að ratsjain um borð í Þresti BA var biluð og skipstjórinn kvaðst ekki hafa orðið var við Gísla BA;
- að gott útsýni var allan hringinn úr stýrishúsinu á Þresti en skipstjórinn kvaðst hafa setið í stólnum í stýrishúsi þegar áreksturinn varð og kastast upp úr honum og lenti með höfuðið í talstöðina;
- að skipstjórinn á Þresti BA kvað þetta vera aðgæsluleysi sitt við stjórn bátsins.

Nefndarálit:

Orsök ásiglingarinnar er aðgæsluleysi stjórnanda Þrastar og léleg varðstaða.